Ed.

## 116. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar telur gildar ástæður mæla með því, að frv. þetta verði samþykt, og gerir það að tillögu sinni. Hinsvegar lítur Ingvar Pálmason svo á, að kosningarrjettur og kjörgengi eigi ekki í öllum tilfellum að fara saman, og flytur sjerstaka tillögu um það, að þeir, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sjeu eigi kjörgengir til starfa þeirra, er 1. gr. laganna frá 1926 ræðir um.

Alþingi, 7. febr. 1928.

| | |
|---|---|
| Jón Baldvinsson, form. | Ingvar Pálmason, skrifari og frsm. |